

Nr. 227.

430

30. desember 1971.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

### 1. gr.

2. gr. orðist svo:

Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. maí.

### 2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. maí til 30. apríl næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrir fram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til 30. apríl næstan á eftir, þannig að tryggingartími allra ökutækja miðist við tímabilið 1. maí til 30. apríl næsta ár. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1972.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 65 30. apríl 1971.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1971.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Baldur Möller.*